Velferðarvaktin, 16. janúar 2024

Sunna Diðriksdóttir, sérfræðingur á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála

# Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025

**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið

## Þingsályktun, nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025

- Þingsályktunin felur í sér fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi.
- Áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

# Þingsályktun nr. 37/150



26 aðgerðir




6 efniskaflar



18 ábyrðaraðilar

# Þingsályktun, nr. 37/150



- A. Almennar aðgerðir.



- B. Forvarnir í leikskólum.



- C. Forvarnir í grunnskólum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.



- D. Forvarnir í framhaldsskólum.



- E. Forvarnir í íþrótta-og æslulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi.



- F. Eftirfylgni og mat á árangri.

# Mælaborð - eftirfylgni




**Verkefnaflokkar**

| | |
|---|---|
| **A. Almennar aðgerðir** | A.1. Forvarnafulltrúi; A.2. Skólaskrifstofur sveitarfélaga; A.3. Ritstjóri hjá Menntamálastofnun; A.4. Netnámskeið; A.5. Aðgengi að námsefni og fræðsluefni; A.6. Mat á áhrifum aðgengis barna og ungmenna að klámi; A.7. Fræðsluátak um kynferðislega friðhelgi |
| **B. Forvarnir í leikskólum** | B.1. Fræðsla til starfsfólks; B.2. Þróun námsefnis; B.3. Velferð og öryggi barna í leikskólum; B.4. Forvarnir í heilsugæslu |
| **C. Forvarnir í grunnskólum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar** | C.1. Forvarnateymi grunnskóla; C.2. Fræðsla starfsfólks; C.3. Þróun og gerð námsefnis fyrir grunnskóla; C.4. Þróun fræðsluefnis heilsugæslunnar; C.5. Forvarnir í félagsmiðstöðvum |
| **D. Forvarnir í framhaldsskólum** | D.1. Forvarnir í tengslum við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli; D.2. Fræðsla starfsfólks; D.3. Þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla; D.4. Námsefni fyrir starfsbrautir; D.5. Efling kynjafræðikennslu |
| **E. Forvarnir í íþrótta- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi** | E.1. Fræðsla starfsfólks; E.2. Fræðsla fagaðila, sjálfboðaliða og annarra sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum |
| **F. Eftirfylgni og mat á árangri** | F.1. Vöktun upplýsinga; F.2. Mat á árangri einstakra aðgerða; F.3. Eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd |

# Forvarnarfulltrúi

## Hlutverk

- Fylgja eftir framkvæmdaáætluninni
- Stuðningur við stefnumótun og samþættingu
- Stuðningur við skólaskrifstofu, skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar
- Stuðningur við framhaldsskóla
- Stuðningur við stjórnendur félaga og stofnana sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum.
- Miðla þekkingu og fræðslu framhaldsskóla og leik- og grunnskóla utan skólaskrifstofa.
- Eftirfylgni og mat á árangri

# Forvarnarteymi grunnskóla

## Vinna forvarnaráætlun

Að tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.

## Kalla eftir fræðslu

Að vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.

## Gagnvirkt netnámskeið

Að tryggja að starfsfólk fái lágmarksfræðslu á netnámskeiði Barna- og fjölskyldustofu. Markmiðið er að 90% alls starfsfólks hafi í árslok 2025 lokið þessu námskeiði

## Vinna viðbragðsáætlun

Að sjá til þess að fyrir hendi sé viðbragðsáætlun þegar börn greina frá áreitni eða ofbeldi eða grunur vaknar um slíkt.

## Ábyrgð

Ábyrgðaraðilar teymisins eru skólastjóri og skólaskrifstofa sveitarfélagsins. Skólaskrifstofur skulu fylgja því eftir að innan hvers skóla verði starfrækt forvarnateymi.

## Árangur

Allir grunnskólar landsins eru núna með forvarnarteymi í einhverri mynd

# Hlutverk skólaskrifstofa



## Tryggja samþættingu forvarna við skólastarf

Að miðla þekkingu og veita leik- og grunnskólum stuðning til að tryggja að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði samþættar skólastarfi, einkum í kennslu og tryggja að starfsfólk hljóti fræðsla.

## Tryggja að forvarnir sem markvissan þátt í skólastefnu

Að tryggja að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði markviss þáttur í skólastefnu sveitarfélaga og í forvarnarstefnu hvers skóla.

## Halda utan um tölfræði upplýsingar

Að halda utan um tölfræðiupplýsingar um fræðsla í sínu umdæmi.

# Vefgátt Menntamálastofnunar

stoppofbeldi.namsefni.is



# Vefgátt Menntamálastofnunar

stoppofbeldi.namsefni.is

Efni er skipt niður eftir aldri og skólastigum



# Netnámskeið BOFS






# Hvað er framundan



- Búið að leggja grunninn með netnámskeiðum, aðgengi að námsefni, nýju og uppfærðu námsefni.
- Samþætting inn í skólakerfið.
- Eftirfylgni og framkvæmd.
- Mat á árangri aðgerða.
- Samtal og samráð.